

## ✉ Re: 2109053 - Sent til umsagnar Fossabrekkur

Búið til	21.1.2022 16:22:48
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	21.1.2022 16:22:44
Tilheyrir	📁 202112-0028 - Fossabrekkur - deiliskipulag

### Efni

Re: 2109053 - Sent til umsagnar Fossabrekkur

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	21.1.2022 16:22:44	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	birgir@ry.is

### Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202112-0028 (SS, LA).

Vísað er í tölvupóst, dags. 10. desember 2021, frá skipulags- og byggingafulltrúa Rangárþings ytra, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir upplifunar- og áningarstað við Fossabrekkur við Ytri Rangá.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu fyrir gerð deiliskipulagsins þann 1. nóvember 2021. Í umsögninni er bent á hátt náttúruverndargildi svæðisins og að það sé innan tveggja svæða sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt fyrir tillögu að framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár. Fjallað er um náttúruverndargildi svæðisins í greinargerð deiliskipulagsins.

Í umsögninni var einnig bent á að svæðið sé viðkvæmt og þoli lítinn ágang sérstaklega næst ánni og fossunum og að í deiliskipulaginu sé stefnt að töluverðri innviðauppbyggingu mjög nálægt fossasvæðinu. Þá var bent á að fyrirhugaður áningar- og útsýnisstaður sé staðsettur í miðri aurkeilu og að sú virka landmótun sem þar eigi sér stað geti orðið fyrir röskun við uppbyggingu útsýnispallsins og að hætta sé á rofi. Ekki er fjallað um þetta atriði í greinargerðinni og áform um staðsetningu og umfang útsýnisstaðar óbreytt.

Í umsögninni um lýsinguna var bent á að fara þyrfti varlega við stígagerð á áætlaðri gönguleið að Rangárbotnum og að almennt þyrfti að taka mikið tillit til fuglalífs á svæðinu, sérstaklega varps og viðveru í hólum Ytri Rangár og nálægra kvísla. Ekki er fjallað um þetta atriði í greinargerðinni.

Þá var í umsögninni um lýsinguna bent á að skoða þyrfti áhrif af gerð bílastæðis og uppbyggingu ofan Fossabrekkna á ásynd og útsýni yfir fossasvæðið. Ekki er heldur fjallað um þetta atriði í greinargerðinni að öðru leyti en að byggingar eigi að falla vel að landslagi og að vanda skuli allan frágang við bílastæðið.

Í lok greinargerðar fyrir nýtt deiliskipulag er greint frá þeim breytingum sem voru gerðar í kjölfar athugasemda umsagnaraðila. Eina breytingin sem tengist athugasemdum Náttúrufræðistofnunar er sú að almennum texta um að „röskun verði sem minnst á bökkum og næsta umhverfis vatnsins“ er bætt við. Vissulega mikilvægt atriði en kveða mætti fastar við að mati Náttúrufræðistofnunar og stefna að því að koma í veg fyrir allt rask á bökkum nema ef til vill við áætlað brúarstæði. En tilefni hefði einnig verið til að fjalla ítarlega um fleiri efnisatriði sem komu fram hjá umsagnaraðilum.

Náttúrufræðistofnun telur að ábendingar sem komu fram í umsögn um skipulagslýsingu eigi því að fullu enn við og telur að of lítið hafi verið brugðist við þeim við áframhaldandi undirbúning deiliskipulagsins. Sérstaklega hefði að mati stofnunarinnar þurft að rýna betur áætlaða staðsetningu og umfang útsýnisstaðarins með tilliti til þeirra varnagla sem bent var á í umsögninni

Einnig er þörf á að rýna betur legu gönguleiða í samhengi við möguleg áhrif ágang ferðafólks á viðkvæmt fuglalíf í hólum árinna. Miðað við fjölda bílastæða sem fyrirhugað er að verði við Fossabrekkur er gert ráð fyrir að svæðið geti tekið við tugum, jafnvel hundruðum ferðamanna á sama tíma. Eins og áður hefur komið fram er gróðurfar og fuglalíf svæðisins viðkvæmt og því er nauðsynlegt að gert sé mat á þörmörkum svæðisins þ.e. hvað mörgum gestum svæðið geti tekið við á sama tíma við mismunandi veðurfarslegar aðstæður án þess að gróður verði fyrir tjóni eða fuglalíf fyrir of mikilli truflun. Miða ætti fjölda bílastæða við slíkt mat. Þá þarf að setja strangar leiðbeiningar eða reglur um umgengni innan svæðisins s.s. að banna umferð manna utan merktra göngustíga. Í því sambandi er líka nauðsynlegt að göngustígar séu tilbúnir á undan bílastæðum og að þeir séu vandaðir og vel gerðir.

Náttúrufræðistofnun ítrekar að um mjög viðkvæmt svæði sé að ræða. Sannarlega er þörf á innviðauppgjöfinu til að stýra umferð ferðafólks um svæðið betur en vanda þarf útfærslur og huga vandlega að því hvert ferðafólki er beint að fara innan svæðisins og koma í veg fyrir að náttúruverndargildi svæðisins rýrist.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

**From:** "Haraldur Birgir Haraldsson" <birgir@ry.is>  
**To:** "Uggi Ævarsson" <uggi@minjastofnun.is>; "Kristinn Magnússon" <kristinn@minjastofnun.is>; "Ólafía Lilja Bragadóttir - VG" <olafia.l.bragadottir@vegagerdin.is>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Hólmfríður Bjarnadóttir" <holmfridur.bjarnadottir@veitur.is>; "Regína Sigurðardóttir" <regina.sigurdardottir@for.is>; "ragnhildur@south.is" <ragnhildur@south.is>; "Landvernd Umhverfisverndarsamtök" <landvernd@landvernd.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>  
**CC:** "Harpa Rún Kristjánsdóttir" <harparunholum@gmail.com>; "rokkvihljomur@gmail.com" <rokkvihljomur@gmail.com>  
**Subject:** 2109053 - Sent til umsagnar Fossabrekkur  
**Date:** 10.12.2021 09:09:26

Góðan dag

Hér er fram komin tillaga að deiliskipulagi fyrir áningar- og upplifunarstað við Fossabrekkur.

Vinsamlegast gefið mér umsögn vegna meðfylgjandi tillögu að skipulagi, takk fyrir.

Frestur til athugasemda rennur út 26. janúar 2022.

Með kveðju,



RANGÁRÞING YTRA

Haraldur **Birgir** Haraldsson  
Skipulags- og byggingafulltrúi

Sími 4887000

Heimasíða [www.ry.is](http://www.ry.is)  
(<http://www.ry.is/>)

Facebook /rangarthing-ytra  
(<https://www.facebook.com/Rang%C3%A1r%C3%BEing-ytra-349403531824425>)

Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hella



Þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður skráðum viðtakanda. Þeim sem fá hann ranglega til sín ber að fara að ákvæðum 9. mgr. 47 gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og gæta fyllsta trúnaðar. Hvorki má lesa, skrá, afrita né notfæra sér póstin á nokkurn hátt og ber viðkomandi að tilkynna samstundis að hann hafi ranglega borist sér. Loks er þess óskað að tölvupósti þessum og viðhengjum hans verði eytt. Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður.

## Viðhengi

image001.jpg (9 KB)

image002.jpg (60 KB)

image003.png (5 KB)